

Menning

Menning

Menning

Menning

Sjö áhugasamir listamenn

Ad Kjarvalsstöðum stöndur nú yfir myndlistarsýning á verkum eftir sjö listamenn frá Akureyri, — þeir eru Guðmundur Ármann, Örn Ingi, Óli G. Jóhannsson, Einar Helgason, Aðalsteinn Vestmann, Helgi Vilberg og Kristinn G. Jóhannsson.

Sýningunni lýkur 2. nóvember.

Norðlenski list

Þá eru nokkrir „akureyrskir listamenn komnir í bæinn“. Það hefur verið tekið vel á móti þeim, — sjónvarpsstíll og fjölmiðlar hafa fjallað um þá líkt og um væri að ræða eitt-hvert sérstakt menningarfyrrbrigði frá Norðurlandi. Þá hefur einnig

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

mátt lesa úr umræðunni hve erfitt þykir að vera skapandi listamaður úti á landsbyggðinni, líkt og Akureyri væri einhver afskekktari menningarkjálki heldur en Reykjavík. Nei, við skulum ekki gleyma að miðpunktur listarinnar er enn í New York, París, Amsterdam og Róm, en ekki í Reykjavík. Listin kemur í pósti til landsins og því hafa Akureyringar fullkomlega sömu möguleika og aðrir listamenn til að fylgjast með hinni alþjóðlegu listumræðu.

Þá virðist oft jafna við hjákátlegan misskilning, þegar rætt er um „norðlenska listamenn“ líkt og um sé að ræða „norðlenska list“. Því það er


augljóst þegar lítið er yfir sýninguna að Kjarvalsstöðum að hér er ekki á ferðinni eitthvert sérnorðlenskt listfyrrbrigði heldur listamenn, sem vinna samkvæmt alþjóðlegum stílbrotum.

Tæknilegir möguleikar...

Þessir sjö listamenn sem sýna að Kjarvalsstöðum eru allir mjög ólíkir innbyrðis og sýnir það raunar vel þá fjölbreytni í tjáningarformum og myndmálun sem hér er ríkjandi í dag.

Allir listamennirnir virðast þokkalega skólaðir þ.e. ráða yfir tæknilegum möguleikum til að koma ákveðnum hugmyndum á léreftið. En það sem skortir tilfinnanlega er frumleiki. Þetta kemur hvað gleggst fram í myndum Einar Helgasonar sem nánast endurrítar málverk eftir hinn kunna listamann ERRO.

Örn Ingi sýnir hér tvær tegundir af listaverkum. Annars vegar eru það ljúfar landslagsteikningar og hins vegar einhverjar conceptpælingar. Það búa því greinilega tveir listamenn í Erni Inga, og því kannski erfitt að finna sannfæringu listamannsins. En vist er maður setur nú spurningarmerki við þessar tákna-rænu sviðsetningar listamannsins. Örn Ingi hefur komið sér upp einhverjum persónulegum symbolisma, sem þýðir í rauninni allt og ekkert. Listamaðurinn gefur hvaða hlut sem



Óli G. Jóhannsson: Skólabræður.

er það inntak sem honum dettur í hug. Þetta er í senn arfur og mis-skilningur á liststefnum eins og dadaistunum og Duchamp, sem leiddu inn í listina hið algera frelsi og sögðu að list væri „hvað sem er“, það væri aðeins listamannsins að ákveða það. En aftur á móti er ekki hægt að endurtaka þetta „hvað sem er“ aftur og aftur í mismunandi hlutföllum. Nei, hér er það hugmyndin

sem gildir, hugmyndin um „hvar sem er“ sem ákvarðar og skilgreinir listaverkið. Því er það sem maður upplifir sviðsetningu Arnar Inga sem löngu liðna lummum, brandara eða drasl, sem hefur aðeins yfirborðslegan, listrænan ásetning.

Unnið eftir náttúrunni

Þeir listamenn hér sem láta sér

nægja að vinna beint eftir náttúrunni eða sínu næsta umhverfi eins og Óli G. Jóhannsson koma mun betur út úr sýningunni. Óli sniðgengur allar hugmyndalegar pælingar eða átök til að umbreyta gefinni listsýn sem listamaðurinn hefur tileinkað sér. Hann vinnur aðeins formrænt og hefur myndalegar pælingar eða átök til að umbreyta gefinni listsýn sem listamaðurinn hefur tileinkað sér. Hann vinnur aðeins formrænt og hefur myndalegar pælingar eða átök til að umbreyta gefinni listsýn sem listamaðurinn hefur tileinkað sér. Hann vinnur aðeins formrænt og hefur myndalegar pælingar eða átök til að umbreyta gefinni listsýn sem listamaðurinn hefur tileinkað sér.

Hvað aðra listamenn snertir er lítt um eftirtektarverða drætti. Myndir þeirra Helga Vilberg og Kristins G. Jóhannssonar vitna fyrst og fremst um þokkalega tækni og handmennt, en virka að öðru leyti átakslausnar og hugmyndavana.


Áhugamenn

Þegar lítið er yfir heildina er greinilegt að verkin hér á sýningunni bera öll einkenni „amatörsins“. Listamennirnir hafa allir eins og fyrr segir þokkalega handmennt en það skortir greinilega frumlega umfjöllun eða þá þekkingu og dirfsku til að umbreyta eða vinna nýja list úr gefinni listsýn.

Orðið „amatör“, (áhugamaður) má ekki túlka í niðrandi merkingu, heldur er hér um að ræða listamenn sem styðja sig við ákveðna skólasýn, módel eða aðra listamenn sem fyrirmyndir, en hafa ekki þroskað enn sinn eigin listpersónuleika. -GBK.



Einar Helgason: Sem fuglinn frjáls.



Örn Ingi: Vetrarmynd.

Ljós. GBK.

Svo mælir Svarthöfði

Svo mælir Svarthöfði

Svo mælir Svarthöfði

Veita kratar Vilmundi brautargengi?

Vilmundur Gyfason talaði af hálfu Alþýðuflokksins í útvarpsumræðunum á dögunum. Þar fór sá Vilmundur sem okkur þykir bestur, ákveðinn í máli og barlómsslaus. En ekki er vist að allir séu á sama máli um Vilmund, og lengi hefur t.d. Framsókn þótt þurfa að launa honum lambið gráa. Um sinn hefur þessi vígahnöttur í íslenskrí pólitík farið sér hægt — nánast verið í einskona pólitískum eftirleitum og hokrað að smáum málum sem vel geta verið prinsíp-mál, en breyta engu um þær stóru pólitísku línur, sem nú er mest talað um í landinu. Hins vegar sýndi útvarpsræða Vilmundar að hann er tiltækur. Og mjög hressi hann og Elður Guðnason upp á andlit Alþýðuflokksins að þessu sinni.

Nú er miðstjórnarfundur á döfinni hjá Alþýðuflokknum og prófkjör í Reykjavík. Á báðum þessum stöðum munu ráðast pólitísk örlög Vilmundar, en hann á alltaf á brattann að sækja í flokknum, þótt hann geri um þessar mundir allt sem hann getur til að sýna samstöðu með flokksbræðrum sínum. Ljóst er að Vilmundur sækist eftir því að verða

varaformaður flokksins. En á það er að líta að hinar hægara kratar munu telja hann vafasaman varaformann, vegna þess að hann hefur átt það til að tala tæpitungulaust yfir flokks-systkinum sínum á stundum. Vilmundi lætur nefnilega illa að tala tungum tveim, sem hér er talin æðsta list stjórnmálastarfémi. Upp á síðkastið hefur hann lagt sig í framkróka við að sannfæra krata um að hann sé ekki nálægt því eins hættulegur í muninum og þeir halda, og hefur jafnvel lýst yfir að hann sjái eftir að hafa notað orðbragð eins og „skítapakki“. Enginn þarf að efa að hann meinar þessa hugarfarsbreytingu. En andstæðingar hans í flokknum vilja engu gleyma, og þess vegna getur orðið nokkuð bratt hans Merkigil í sæti varaformanns.

Ræða Vilmundar í útvarpinu sýnir svo aftur á móti að kratar eiga ekki glæsilegri eða ákveðnari ræðumann um þessar mundir. Ljóst liggur fyrir að í kosningunum 1978 vann Vilmundur persónulega stærsta sigurinn fyrir Alþýðuflokkinn. Nú er spurningin hvort hann fær þann byr innan flokksins sem honum er nauð-

synlegur til að vinna nýjan sigur fyrir flokkinn. Varaformanns-embættið er lítið framlag í þá veru, en árangurinn gæti orðið stórbrotinn.

Eins er þessu varið með prófkjörinu í Reykjavík. Komi Vilmundur illa út úr prófkjörinu má alveg eins búast við því að allur vindur verði úr honum í komandi kosningabaráttu.



Vilmundur er nefnilega gæðingur, sem þarf nokkrarhyllingar hjá flokki sínum til að blómstra. Skapsmunir eru þannig, að þurfi hann fyrst og fremst að slást við flokksbræður, verður lítið bardagaprek eftir handa andstæðingum. Að því leyti er Vilmundi eins farið og mörgum þekktum stjórnmálamönnum bæði hér og annars staðar. Hann er ekki

sá góði drengur sem er reiðubúinn að bíða í tuttugu ár eftir að allir sem telja sig á undan honum annað tveggja deyi eða verði senil. Vilmundur er ungur maður, sem liggur mikið á, og flokkurinn á að hafa vit til að notfæra sér tækifærið.

Vonandi ber Alþýðuflokkurinn gæfu til að skapa sama tækifæri nú fyrir kosningasigur og hann bar í kosningunum 1978. Það er kominn tími til að flokkurinn hafi áhrif, enda munu þau ekki valda þeim öfgum og ósköpum, sem fylgja Alþýðubandalaginu. Framsóknarmönnum væri jafnframt hollt að minnast stefnunnar frá 1934 nú, þegar syrtir í álinn. Það hefur út af fyrir sig ekki staðið á Alþýðuflokknum að taka að nýju upp samstarf við Framsókn, en það hefur ekki tekist vegna þess að forusta Framsóknar hefur fremur kosið að vera í hafvillum á rauðum sjó Alþýðubandalagsins en taka í útrétta hönd þeirra vinstri manna sem falla að íslenskum aðstæðum og skilja þær. Þann dag sem Framsókn skilur að Vilmundur er ekki óvinur, heldur bandamaður, mun Eyjólfur hressast.

Svarthöfði.